

Reykjalundur endurhæfing ehf.

16. fundur stjórnar 11. janúar 2022 kl. 08.15-09.35 á Teams.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjánsson.

Dagskrá.

**1. Fundargerð síðustu funda til samþykktar og undirritunar.**

Fundargerðir 13. og 14. fundar samþykktar, undirritun bíður fundar sem ekki verður haldinn á Teams.

**2. Rekstur Reykjalundar endurhæfingar ehf. árið 2022.**

- a. PM og HK kynntu helstu óvissuþætti í rekstrinum
- b. Samtari/samningur við SÍ – viðbragð við neyðarástandi á LSH  
PM kynnir. Að beiðni heilbrigðisyfirvalda um aðstoð við neyðarástandi á LSH var opnun Miðgarðs flýtt um 5 daga og sjúklingar frá LSH hófu dvöl á Miðgarði þann 29. desember 2021, einnig kom fram beiðni frá heilbrigðisyfirvöldum um að Reykjalundur opni viðbótarlegudeild fyrir 11 sjúklinga frá LSH þ.a. heildarfjöldi legurýma á Reykjalundi fyrir sjúklinga frá LSH verði 23 samtals. Unnið hefur verið að undirbúningi fyrir opnun viðbótarlegudeildarinnar frá 3. janúar s.l. og fyrstu sjúklingarnir lögðust þar inn þann 10. janúar.
- c. Rekstraráætlun fyrir 2022, HK kynnir áætlun 2022B sem sýnir allt aðra og betri mynd en áætlun 2022A sem kynnt var á síðasta fundi stjórnar. Stjórnin óskaði eftir að launaliðurinn í áætluninni verði brotin meira niður. Afgreiðslu áætlunarinnar því frestað til næsta fundar þann 1. febrúar 2022.
- d. Samningar við Landsbankann. Vonast er eftir að lántaka verði samþykkt á næsta stjórnarfundum SÍBS.

**3. Önnur mál.**

- a. Málefni HNLFI, umræður um fréttáflutning af málefnum HNLFI..

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 1. febrúar 2022.